

25. Frumvarp

til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

I. KAFLI.

Um stjórn vitamála.

1. gr.

Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

2. gr.

Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórn framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum.

3. gr.

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem

hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23, 11. júlí 1911, lög nr. 43, 14. júní 1929 og lög nr. 16, 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé rikissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi.

4. gr.

Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum. Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans.

5. gr.

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum.

6. gr.

Ráðherra skipar vitaverði eftir tillögum vitamálastjóra með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

II. KAFLI.

Um byggingu vita og sjómerkja.

7. gr.

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósviti
- Borgareyjum	—
- Rauðanesi	—
- Hjörtsey á Mýrum	—
- Búðarhrauni	—
- Stórfiskaskeri við Hagabót	—
- Bjargtöngum	stækkun ljósvita
- —	radioviti
- Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti
- Álftamýri við Arnarfjörð	—
- Þingeyri við Dýrafjörð	—
- Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
- Flateyri við Önundarfjörð	—
- Galti í Önundarfirði	radioviti
- —	hljóðviti
- Óshólum í Bolungarvík	ljósviti
- Æðey	—
- Sléttæyri í Jökulfjörðum	—
- Aðalvík	—

Á Hornbjargi		radioviti
—		hljóðviti
— Munaðarnesi		ljósviti
— Krossnesi		—
— Kaldrananesi		—
— Kjörseyri við Hrútafjörð		—
— Ánastaðabökkum		—
— Skagaströnd		—
— Kálfshamarsnesi	stækkun	ljósvita
— Skagatá	stækkun	—
— Reykjadisk á Skagafirði		ljósviti
— Hegranesi		—
— Straumnesi eða Málmei		—
— Sauðanesi við Siglufjörð		—
— Sauðanesi við Siglufjörð		hljóðviti
— Siglunesi		radioviti
— Grimsey		ljósviti
— Húsavíkurhöfða		—
— Snartastöðum		—
— Hjálmarsnesi við Pistilfjörð		—
— Svinalækjartanga		—
— Langanesi	stækkun	ljósvita
—		radioviti
—		hljóðviti
— Digranesi		ljósviti
— Kolbeinstanga í Vopnafirði		—
— Glettinganesi		hljóðviti
— Hellisnesi við Norðfjörð		ljósviti
— Grimutanga við Reyðarfjörð		—
— Selnesi		—
— Seley		—
—		radioviti
—		hljóðviti
— Hvalsnesi		ljósviti
— Stokknesi		radioviti
— Hestgerði		ljósviti
— Ingólfshöfða	stækkun	ljósvita
— Stórhöfða		—
— Faxaskeri		ljósviti
— Hafnarnesi við Þorlákshöfn		—
— Reykjanesi		radioviti
—		hljóðviti
— Gróttu		radioviti
—		hljóðviti

8. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 7. gr. skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður eftir tillögum vitamálastjóra.

Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu vita þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á Alþingi 1930 flutti sjávarútvegsnefnd neðri deildar till. um að skipuð væri millipinganefnd til þess að athuga vitamálin og gera tillögur um skipulag þeirra í framtíðinni. Tillaga þessi var að sönnu ekki samþykkt, en ríkisstjórnin skipaði þó nefnd til þess að athuga þessi mál. Sú nefnd samdi frv. til laga um þessi efni og flutti sjávarútvegsnefnd það með nokkrum breytingum á vetrarþinginu 1931. Málið komst þá aðeins til 2. umr. vegna þingrofsins, en var ekki tekið upp aftur, hvorki á sumarþinginu 1931 né á þinginu 1932. Nú hefir vitamálastjóri óskað, að málið verði tekið upp að nýju og þykir rétt að verða við þeirri ósk.

Þegar sjávarútvegsnefnd Nd. flutti frv. sitt 1931 breytti hún í ýmsum atriðum frv. hinnar stjórnskipuðu nefndar. Vitamálastjóri telur að breytingar þessar séu ekki til bóta og hefir óskað, að frv. verði flutt eins og hin stjórnskipaða nefnd gekk frá því. Að athuguðu þessu máli hefir ríkisstjórninni þótt réttara að leggja til grundvallar frv. sjávarútvegsnefndar neðri deildar, en gera við það tiltölulega litilfjörlegar breytingar, sem grein verður gerð fyrir hér á eftir.

Um 1. gr.

Við hana er gerð litilfjörleg orðabreyting, sem engum ágreiningi getur valdið.

Um 2. gr.

Vitamálastjóri óskar, að konungur veiti vitamálastjóraembættið og sýnist engin ástæða til að reisa ágreining út af því.

Um 3. gr.

Hér eru aðeins gerðar orðabreytingar, sem ekki skipta máli.

Um 4. gr.

Hér eru einnig gerðar orðabreytingar, sem ekki þarf að skýra.

Um 5. gr.

Á þessari gr. er gerð sú breyting á till. nefndar Nd., að niður er feld heimild ráðherra til þess að ráða aðra verkfræðinga og aðstoðarmenn en vitaverk-

fræðing. Í lögum á ekki að veita rýmri heimildir en þörf er á. Hinsvegar er vitaskuld, að ef þingið eitt hvert ár eða að staðaldri lætur vinna svo mikið að verkum sem eru í verkahring vitamálastjóra, að hann og verkfræðingur hans, anna ekki umsjón þeirra, þá liggur í fyrirskipunum þingsins heimild til þess að fá aukna aðstoð, en þess verður vandlega að gæta að skipa ekki fleiri menn í fastar stöður, en minnst er þörf á.

Um 6. gr.

Á þessari gr. er ekki stungið upp á neinni breytingu. Hér er rétt að geta þess, að réttast hefir þótt að fella alveg niður 7. og 8. gr. frv. nefndarinnar. Um 7. gr. frv. er þess að geta, að það er óþarft að ákveða í lögum, að vitamálastjóri skuli gera tillögur og áætlanir um fjárframlög til vitamála, því að slíkt er embættisskylda hans. Ennfremur synisi ástæðulaust að gera vitamálastjóra að skyldu að ráðgast um tillögur sínar við ákveðna menn. Sjávarútvegsnefnd virðist hafa stungið upp á þessu fyrirkomulagi, af því að hún felldi burtu úr till. millipinganevndarinnar að skipa þriggja manna vitamálaráð, en ríkisstjórninni virðist mega spara allan kostnað af þessu.

Sökum þess að niður er felld 8. gr. frv. sjávarútvegsnefndar, er rétt að benda á, að stjórninni þykir það of langt gengið að binda hendur þingsins svo sem gr. ráðgerir. Hins vegar er það viðurkennt, að vitagjaldið á undir venjulegum kringumstæðum að ganga sem mest til vitamála.

Um 7. gr.

Hún er eins og 9. gr. frv. sjávarútvegsnefndar nema 1 vita (Munaðarnesvita í Strandasýslu) er bætt við eftir tillögu vitamálastjóra.

Um 8. gr.

Er eins og 10. gr. frv. sjávarútvegsnefndar nema niður eru felld orðin „eða Alþingis“, því að það er fjarri lagi, að þingið hafi aðeins tillögurétt um vitabyggingar. Það á að hafa ákvörðunarrétt, ef það vill

Um 9. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Þess er rétt að geta, að niður hefir verið felld 11. gr. frv. sjávarútvegsnefndar, því að þær framkvæmdir, sem þar eru nefndar virðast eiga að fara eftir því hvað þingið ákveður í hvert sinn í fjárlögum.